

Minnisblað starfshóps um fræðslumál, tómstundir og lýðheilsu

Fulltrúar í starfshópi

- Elín Lilja Gunnarsdóttir
- Eydís Bára Jóhannsdóttir
- Eygló Hrund Guðmundsdóttir
- Guðný Kristín Guðnadóttir
- Herdís Erna Gunnarsdóttir
- Ingibjörg Þóranna Steinudóttir
- Pálína Fanney Skúladóttir
- Sigurður Þór Ágústsson
- Svanhvít Lilja Viðarsdóttir
- Tanja M. Ennigarð

Lýsing á verklagi starfshópa

Hlutverk starfshópa er að kortleggja stöðu mála á þeim málavíðum sem þeir hafa til umfjöllunar og gera tillögur að framtíðarsýn og markmiðum:

- Starfshóparnir kortleggja styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri og gera grein fyrir kostum og ókostum sameiningar fyrir íbúa sveitarfélaganna.
- Starfshóparnir draga upp framtíðarsýn fyrir þau málefnasvið sem þeir hafa til umfjöllunar.
- Starfshóparnir gera lista yfir helstu markmið sem þarf að ná til að raungera framtíðarsýnina.

Afurð starfshópavinnu er minnisblað til samstarfsnefndar þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum.

Viðfangsefni

Hlutverk starfshópsins er að fjalla um málefni grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, skólaþjónustu, íþróttir, tómstundir og lýðheilsu. Meðal þess sem vert er að hafa í huga er:

- Hvert er hlutverk sveitarfélaganna á þeim málavíðum sem hópurinn hefur til umfjöllunar?
- Er svæðisbundinn munur á þjónustu og þjónustuþörf innan þjónustusvæðisins?
- Hvaða áhrif myndi sameining hafa á þjónustuna?
- Eru tilefni eða tækifæri til breytinga á skipulagi starfseminnar til að hagræða eða veita betri þjónustu?

Stöðugreining

Í stöðugreiningunni eru kostir og ókostir núverandi stöðu tilgreindir og bornir saman við kosti og ókosti í sameinuðu sveitarfélagi á þeim málsviðum sem hópurinn hefur til umfjöllunar. Þeir eru:

- Grunnskóli
Kostir: Nemendur kynnast, vegalengdir, fjarkennsla v. skorts á þjónustu, sérfræðingar og stoðþjónustu aðilar geta nýst skólunum-fjarþjónusta, samnýting sérkennara, skipulagsdagar, foreldrasamtalsdagar, námskeið, samráð starfsfólks, nýta það besta úr skólunum, reglur sameinaðar, val foreldra um skóla,
Ókostir: Fjarlægðir á milli, kostnaðurinn við akstur
- Leikskóli
Kostir: Sama og grunnskóli
Ókostir:
- Tónlistarskóli
Kostir: Búnaður og hljóðfæri hægt að samnýta, nýta Borðeyri sem sameiginlega félagsmiðstöð, fjarkennsla að hluta,
Ókostir: Engir sérstakir ókostir,
- Skólaþjónusta
Kostir: Samstarf skóla, fagteymi á sálfræðingur, iðjubjálfi, þroskabjálfi á leiðinni. Breyting á þjónustumódeli en erfitt að fá fólk á staðinn, regluverkið, þjónusta við fatlaða, öll bakþjónusta í samstarf. Af því leiðir að þjónustan verður betri. Gríðarleg tækifæri. Skiptir ekki máli hvaðan skólaþjónustu er stýrt.
Ókostir: Engir eins og staðan er núna.
- Íþróttir
Kostir: Mestu kostirnir að miðla af reynslu, búnað hægt að nýta á milli íþróttamiðstöðvar, samlegð í rekstri á mannvirkjum, samlegð í mannauð, þjálfaramál, námskeið,
Ókostir:
- Tólmstundir
Kostir: Samfélagsmiðstöð fyrir allan aldur, heilsárstarf með blöndu af verkefnum, breyta summunni til að fá meira út úr, kollegastuðningur,
Ókostir: Hvernig er hægt að jafna aðstöðumun?
- Lýðheilsa
Kostir: Sameiginlegt verklag og mikil samlegðaráhrif sem gæti myndast.
Ókostir:

Hvammstangi: Heilsueflandi samfélag og barnvænt samfélag. Lýðheilsustefna í bígerð. Innleiðing á heilsueflandi leikskóla.
Dalabyggð: Lýðheilsustefna í bígerð. Heilsueflandi samfélag.

Hvammstangi: 135 nem í grunnskóli 40 starfsmenn í grunnskólanum

Hvammstangi: 18 starfsmenn 64 börn 69 í janúar

Hvammstangi: 6 starfsmenn 4 stöðugildi 87 nemendur

Auðarskóli: Grunnskóli 67 nemendur 8,14 stöðugildi, Leikskóli 10 starfsmenn 18 börn 23 í jan

Tónlistarskóli: 28 nemendur 2 starfsmenn

Hvammstangi: Íþróttamiðstöðin: 7 starfsmenn 4 stöðugildi

Auðarskóli: Íþróttamiðstöðin 0

Kostir

Núverandi staða Nálægð við þá þjónustu sem er til staðar. Öryggi og þægindi, vitum hvað við hefur. Búið að sameina alla hreppi og t.d. skóla í núverandi sv.fl.	Sameinað sveitarfélag Staðblær fái að njóta sín Sameina regluverk fagþjónustu Samlegð mannauðs Samvinna þjónustudeilda
---	---

Ókostir

Núverandi staða Veikari stjórnsýsla vegna fólkfjölda Erfiðleikar vegna skorts á sérfræðiþjónustu	Sameinað sveitarfélag Fjarlægðir á milli svæða, kostnaður við akstur mikill. Ef stofnanir yrðu sameinaðar. Áskoranir varðandi farsældar- og barnaverndarþjónustu, lögreglumála og fl. stjórnsýsluegs skipulags.
---	---

Framtíðarsýn og markmið

Á grundvelli stöðugreiningar dregur starfshópurinn upp mynd af æskilegri stöðu í starfsemi sveitarfélagsins og þjónustu eftir 10 ár í sameinuðu sveitarfélagi, þ.e. þeirri stöðu sem vinna ætti að. Einnig skilgreinir hópurinn markmið sem vinna þarf að til að raungera framtíðarsýnina. Skilgreina skal a.m.k. eitt markmið fyrir hvern málaflokk sem hópurinn fjallar um.

Framtíðarsýn starfshópsins:

- Að staðblær fái að njóta sín.
- Að fagleg stjórnun stofnana verði í nærumhverfi.
- Að sameina regluverk fagþjónustu og veita meiri þjónustu með sama fjármagni.
- Að auka fagþekkingu og nýta reynslu með sameiginlegum mannauð.

Markmið:

Fræðslumál

- Að sameina skólaþjónustu.

- Að nýta fagþekkingu og reynslu núverandi starfsfólks og auka sérhæfingu þess.
- Að auka stöðugildi fagaðila í sameiginlegri þjónustu í samræmi við kröfur sveitarfélaga.
- Að staðsetning fagaðila skipti ekki máli innan sveitarfélags.
- Að auka aðgengi og möguleika íbúa á sterkari sérfræðiþjónustu.

Velferðarþjónusta

- Að samræma aðstöðu og þjónustu.
- Að sameina regluverk.
- Að nýta fagþekkingu og reynslu núverandi starfsfólks og auka sérhæfingu þess.

Íþróttir

- Að skapa aðstæður til að búa til aðlaðandi störf í íþróttastarfi fyrir börn, fullorðna og aldraða.
- Að samnýta mannauð og þekkingu.
- Að samræma aðstöðu og þjónustu.

Tómstundir

- Að skapa aðstæður til að búa til aðlaðandi störf í tómstundum, menningar- og listastarfi.
- Að samnýta mannauð og þekkingu.
- Að samræma aðstöðu og þjónustu.
- Að búa til stuðningsnet starfsfólk með samvinnu.
- Að stuðla að samstarfi barna, ungmenna, eldri borgara, menningar- og listahópa, félagsmiðstöðva og annarra hópa.
- Að auka fjölbreytni og framboð tómstunda.

Lýðheilsa

- Að samræma aðstöðu og þjónustu.
- Að samræma stefnumótunarvinnu, t.d heilsueflandi og barnvænt samfélag.

Samantekt

Samantekt – Stöðugreining, framtíðarsýn og meginmarkmið

Í núverandi stöðu felst styrkurinn fyrst og fremst í nálægð við þjónustu, öryggi og þægindi þar sem íbúar þekkja það sem í boði er, auk þess sem sameining hreppa og stofnana, svo sem skóla, hefur þegar átt sér stað. Með sameinuðu sveitarfélagi bætist við möguleikinn á að staðblær svæða fái að njóta sín, regluverk fagþjónustu verði sameinað, mannauður nýtist betur og þjónustudeildir geti unnið saman.

Veikleikar núverandi stöðu liggja þó í veikari stjórnsýslu vegna fámennis og erfiðleikum við að tryggja sérfræðiþekkingu. Í sameinuðu sveitarfélagi eru áskoranir einkum tengdar auknum fjarlægðum og kostnaði við akstur, mögulegri áhættu ef stofnanir yrðu sameinaðar og landsvæðabundinni þjónustu s.s. lögreglu.

Framtíðarsýn starfshópsins er sú að staðblær fái að njóta sín, fagleg stjórnun stofnana verði tryggð í nærumhverfi, regluverk fagþjónustu sameinað til að veita meiri þjónustu með sama fjármagni og mannauður, fagþekking og reynsla starfsfólks nýtist á markvissan hátt.

Í fræðslumálum er áherslan á sameiningu skólaþjónustu, aukinni sérhæfingu og betra aðgengi að sérfræðiþjónustu. Í velferðarþjónustu ætti að samræma aðstöðu, þjónustu og regluverk, sem og að efla sérhæfingu starfsfólks. Í íþróttum og tómstundum liggja tækifærin í að skapa aðlaðandi störf, samnýta mannauð og aðstöðu, efla samstarf milli kynslóða og auka fjölbreytni á framboði. Í lýðheilsu ætti að stefna að samræmingu aðstöðu og þjónustu, auk sameiginlegrar stefnumótunar, meðal annars með áherslu á heilsueflandi og barnvænt samfélag.